



**11. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar
miðvikudaginn 29. október 2014, kl. 17:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) stjórnar Bs. um menningu-og atvinnumál frá 22. september 2014
- b) stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 7. október 2014
- c) stjórnar Veiðifélagsins Blöndu og Svartár frá 26. október 2014
- d) Eigendafundur Byggðasafns Húnaþings-og Stranda frá 22. október 2014

2. Bréf frá Félags-og skólaþjónustu frá 17. október 2014

3. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 20. október 2014

4. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands frá 24. október 2014

5. Bréf frá Farskólanum miðstöð símenntunar á NV frá 24. október 2014

6. Bréf frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár dags. 27. október 2014

7. Rekstur Blönduósþæjar fyrstu 9 mánuði ársins

8. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) stjórnar Bs. um menningu-og atvinnumál frá 22. september 2014
Lögð fram til kynningar

- b) stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 7. október 2014
Lögð fram til kynningar

- c) stjórnar Veiðifélagsins Blöndu og Svartár frá 26. október 2014
Lögð fram til kynningar

- d) Eigendafundur Byggðasafns Húnaþings-og Stranda frá 22. október 2014
Með fundargerð fylgdi drög að nýjum samþykktum fyrir Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna og drög að þjónustusamningi milli eiganda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.



Sveitarstjóra falið að undirrita þjónustusamning og skipulagsskrá fyrir hönd sveitarfélagsins skv. fyrirbyggjandi gögnum, þó með fyrirvara um samþykki annarra eigenda byggðasafnsins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Bréf frá Félags- og skólaþjónustu frá 17. október 2014

Félags- og skólaþjónusta A-Hún. hefur borist umsókn um ferðaþjónustu fatlaðra á Akureyri frá aðila með lögheimili á Blönduósi.

Byggðaráð samþykkir erindið. Fært í trúnaðarbók.

3. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 20. október 2014

Ráðuneytið hefur endurreiknað byggðakvóta til allra sveitarfélaga, á grundvelli breyttra gagna frá Fiskistofu og er niðurstaðan að Blönduósi fær 70 þorskígildistonn.

Umræður urðu um byggðakvóta.

Byggðaráð samþykkir eftirfarandi reglur:

Byggðaráð samþykkir eftirfarandi undanþágu frá reglugerð nr. 652/2014, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2014/2015.

a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

„Skipta skal 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2014.“

b) Vinnsluskylda er felld niður og því orðast 1. og 2. ml. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig:

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“

4. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands frá 24. október 2014

Stjórn EBI hefur ákveðið að greiða út 50 mkr. til aðildarsveitarfélaga fyrir árið 2014. Hlutdeild Blönduósbæjar er kr. 504.500 kr.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Farskólanum miðstöð símenntunar á NV frá 24. október 2014

Óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2015 að upphæð 163.000 kr.

Byggðaráð samþykkir erindið.

6. Bréf frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár dags. 27. október 2014

Í bréfinu kemur fram að stjórn Veiðifélags Blöndu og Svartár líti svo á að ekki séu skilyrði að lögum fyrir því að Blönduósbær hafi atkvæðisrétt á fundum veiðifélagsins en fulltrúar bæjarins hafa fullan rétt að sækja fundi þess og taka þátt í umræðum eins og verið hefur.

Byggðaráð áréttar að Blönduósbær er eigandi jarðanna Hnjúka og Kleifa og þar með veiðiréttar þeirra jarða og handhafi þeirra atkvæða sem þeim jörðum fylgja.

7. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 9 mánuði ársins



Sveitarstjóri fór yfir rekstur fyrstu 9 mánuði ársins.

8. Önnur mál

Umræður urðu um mengunarmæla vegna gasmengunar frá Holuhrauni en engir mælar eru í Austur-Húnavatnssýslu í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Umhverfisstofnun um að fá mengunarmæli uppsettan á Blönduósi.

Fulltrúi J-lista leggur fram minnisblað sem felur í sér tillögu um að starfsmenn sveitarfélagsins kanni kosti og galla þess að selja fráveitu sveitarfélagsins.

Fundi slitið 20:00

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkhartósson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)